

## Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra Fundargerð

**11. fundur** Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, haldinn mánudaginn 30. janúar 2017, kl. 13:30, að Einbúastíg 2 á Skagaströnd.

**Mætt til fundar:** Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Jóhanna Magnúsdóttir, Viggó Jónsson, Leó Örn Þorleifsson og Ingileif Oddsdóttir.

**Einnig** sátu fundinn Sólveig Olga Sigurðardóttir og Ingibergur Guðmundsson, sem ritar fundargerð.

**Formaður** nefndarinnar stýrði fundi.

### Dagskrá:

**1. Fundargerðir fagráðs menningar** 15. des. 2016, 12. jan. 2017 og 23. jan. 2017.

Formaður fór yfir efni fundargerðanna.

**2. Vanhæfi nefndarmanna við afgreiðslu einstakra umsókna.**

*Nefndarmaður*

*Umsóknir nr.*

Lárus Ægir Guðmundsson : 17035, 17040

Jóhanna Magnúsdóttir : 17051, 17074,

Ingileif Oddsdóttir : 17083, 17095, 17096, 17103, 17106

Viggó Jónsson : 17048, 17064, 17076, 17086, 17091, 17092, 17096, 17097, 17107

Þeir nefndarmenn, sem vanhæfir voru, viku af fundi á meðan viðkomandi umsókn var rædd og afgreidd.

**3. Stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar**

Fyrir fundinum lá tillaga fagráðs menningar um úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja. Nefndin fór yfir tillögurnar og ræddi þær. Samþykkt að 10 umsóknir fái stofn- og rekstrarstyrk alls að upphæð 14,2 millj. kr.

Sjá fylgiskjal: *STR - Niðurstaða úthlutunarnefndar 30. jan. 2017.*

**4. Verkefnastykir**

Fyrir fundinum lá tillaga fagráðs menningar um úthlutun verkefnastyrkja. Nefndin fór yfir tillögurnar og ræddi þær. Samþykkt að 51 umsókn fái verkefnastyrk alls að upphæð 20,4 millj. kr.

Sjá fylgiskjal: *VERK - Niðurstaða úthlutunarnefndar 30. jan. 2017.*

**5. Úthlutunarhátíð**

Samþykkt að úthlutunarhátíð verði haldin í Veitingahúsinu Sjávarborg, Hvammstanga, 16. febrúar nk., kl. 17.00.

**6. Önnur mál**

Næsti fundur úthlutunarnefndar verður haldinn á skrifstofu SSVN á Hvammstanga, 16. febrúar nk., kl. 15.00.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.00.

Ingibergur Guðmundsson